

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasiða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F4/2025

Reykjavík, 4. apríl 2025

Skrifstofa forseta Íslands
Sóleyjargötu 1
101 Reykjavík

I

Hér með tilkynnist að ég hef ákveðið að taka ekki til frekari athugunar upplýsingagjöf skrifstofu forseta Íslands varðandi málefni sem snerta forsetann, sbr. fyrirspurn þar um 4. febrúar sl.

Aðdragandi athugunarinnar var sá að 30. janúar sl. birtist frétt á vefsíðu RÚV, www.ruv.is, þar sem fjallað var um að aðeins utanríkisráðherra hefði sótt minningarathöfn um helförina í Auschwitz fyrir hönd Íslands. Þar kom fram að þegar fréttastofa hefði óskað eftir að fá dagskrá forseta afhenta hefði forsetaskrifstofan upplýst að hún væri ekki afhent. Meðal annars væri ekki hægt að greina frá fyrirhuguðum ferðum forseta fyrir fram því það væri oft gestgjafans að tilkynna um ferðina auk þess sem fleiri sjónarmið gætu komið þar við sögu, svo sem öryggissjónarmið.

Af þessu tilefni var þess óskað að skrifstofan upplýsti nánar um fyrirkomulag upplýsingagjafar um málefni sem snerta forsetann, þ.m.t. hvaða reglur giltu um meðferð beiðna um upplýsingar um dagskrá hans. Þá var jafnframt óskað upplýsinga um þau sjónarmið sem lágu til grundvallar synjun á beiðnum fréttastofu RÚV um veitingu upplýsinga um dagskrá forseta og þá með hliðsjón af því að ekki var beðið um upplýsingarnar fyrir fram heldur eftir á.

II

Í svörum skrifstofunnar 18. febrúar sl., en þeim fylgdi afrit af beiðnum RÚV og viðbrögðum skrifstofunnar við þeim, kemur fram að afgreiðsla beiðna um aðgang að gögnum sem varða stjórnsýslulegt hlutverk forseta Íslands fari fram í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012. Í samræmi við markmið laganna um að tryggja gegnsæi í stjórnsýslu við meðferð opinberra hagsmuna sem og ákvæði þeirra um aukinn aðgang og birtingu upplýsinga að frumkvæði stjórnvalda séu upplýsingar um daglegan starfa forseta, auk ýmissa annarra upplýsinga, jafnframt gerðar aðgengilegar á vefsíðu embættisins, www.forseti.is. Þá séu allar ferðir forseta úr landi tilkynntar í Stjórnartíðindum,

hvort sem um ferð í opinberum erindagjörðum eða einkaerindum sé að ræða. Jafnframt séu allar opinberar ferðir forseta tilkynnar fjölmíðum með fréttatilkynningu með minnst sólarhrings fyrirvara. Þegar um ríkisheimsóknir sé að ræða þurfi stundum að hafa samráð um opinbera tilkynningu við gestgjafþjóðina og þá m.a. með hliðsjón af kröfum öryggisyfirvalda viðkomandi ríkis um að ekki sé tilkynnt um ferð langt fram í tímann. Mat sé lagt á beiðnir um slíkar upplýsingar hverju sinni sem taki þó einnig mið af því að fjölmíðlar eigi kost á að undirbúa fréttatflutning sinn í tengslum við ferðir forseta. Loks kemur fram að í ljósi þess að persónulegar erindagjörðir og daglegar athafnir þess sem gegnir embætti forseta séu hvorki hluti af erindagjörðum forsetaembættisins né liður í stjórnsýsluhlutverki þess, og með hliðsjón af friðhelgi einkalífs forseta og fjölskyldu hennar, sé þeim ekki gerð skil í opinberri dagskrá forseta.

Í svarbréfinu segir að misskilnings hafi gætt um umfang beiðnar RÚV 28. janúar sl. um að fá afhenta dagskrá forseta þá daga sem minningarathöfnin um helförina í Auschwitz fór fram og upplýsingar um þær utanlandsferðir forseta sem þegar væru ákveðnar. Áður hafði komið fram í svörum skrifstofunnar til RÚV að ekki hefði verið unnt að bæta ferð á minningarathöfnina við þær sem þegar voru ákveðnar á árinu. Hafi verið litið svo á að í beiðni RÚV hafi falist ósk um upplýsingar um bæði opinberar og persónulegar erindagjörðir forseta. Svari skrifstofunnar við beiðni RÚV hafi fylgt upptalning á opinberum viðburðum forseta í þeirri viku sem um ræddi en með synjuninni á því að afhenda dagskrá forseta hafi verið átt við að upplýsingar um persónulegar erindagjörðir forseta yrðu ekki veittar. Þá hafi RÚV verið upplýst um það símleiðis 29. janúar sl. að forsetinn hafi verið á Bessastöðum daginn sem minningarathöfnin fór fram. Loks er vikið að því í svörum skrifstofunnar til umboðsmanns að ekki hafi verið gætt að forms- og málsmeðferðaratriðum við afgreiðslu beiðnanna, s.s. um kæruleiðbeiningar og afstöðu til þess hvort veita ætti aukinn aðgang að gögnum um dagskrá forseta.

III

Í tilefni af því sem nú liggur fyrir um afgreiðslu skrifstofu forseta Íslands á umræddum beiðnum RÚV um upplýsingar um dagskrá, svo og því sem fram kemur í svörum skrifstofunnar við fyrirspurn umboðsmanns, tek ég fram að í upplýsingalögum nr. 140/2012 er gengið út frá því sem meginreglu að skylt sé að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varða tiltekið mál sem og aðgang að tilteknum fyrirliggjandi gögnum, með þeim takmörkunum sem greinir í 6. til 10. gr. laganna. Þannig er m.a. gert ráð fyrir því að heimilt sé að takmarka aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast, enda hafi þau að geyma upplýsingar um öryggi ríkisins eða varnarmál eða samskipti við önnur ríki eða fjölpjóðastofnanir, sbr. 1. og 2. tölulið 10. gr. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur lagt til grundvallar að

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

þegar aðilum sem falla undir upplýsingalög berst beiðni um upplýsingar beri þeim á grundvelli laganna skylda til að kanna hvort fyrir liggi í vörslum þeirra gögn með þeim upplýsingum sem óskað er eftir og í kjölfar þess taka rökstudda ákvörðun um hvort veita beri aðgang að gögnunum í heild eða að hluta. Þegar stjórnvöld synja beiðni um aðgang að gögnum á grundvelli 10. gr. laganna skal taka afstöðu til þess hvort veita eigi engu að síður aðgang í ríkari mæli en skylt er, standi aðrar lagareglur því ekki í veki, sbr. 1. og 2. mgr. 11. gr. laganna.

Þar sem í svörum skrifstofu forseta hefur komið fram að afgreiðsla hennar á upplýsingabeiðnum RÚV hafi ekki verið fyllilega í samræmi við ákvæði upplýsingalaga, bæði hvað snertir tilvísanir til þess á hvaða grundvelli synjað var um aðgang og að þar hafi skort á að veittar væru leiðbeiningar um kæruheimild til úrskurðarnefndar um upplýsingamál, læt ég nægja að benda skrifstofu forseta á að gæta að framangreindum atriðum í störfum sínum framvegis.

IV

Með vísan til alls ofangreinds er athugun minni vegna málsins lokið. Ég mun þó áfram fylgjast með afgreiðslum skrifstofu forseta á beiðnum um upplýsingar, eftir atvikum með hliðsjón af kvörtunum og ábendingum sem kunna að berast, og taka þær til frekari athugunar sé tilefni til.

virðingarfyllst,


Kristín Benediktsdóttir